



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

# SCANDINAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Lára Guðrún Agnarsdóttir

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins  
*Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.*

**Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.**

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

## Inngangur

Í þessari greinargerð ætla ég að segja frá tveggja vikna dvöl minni í Kaupmannahöfn þar sem mér bauðst tækifæri til kynna mér hvernig skólar í Kaupmannahöfn taka á móti nýjum Kaupmannahafnarbúum sem ekki tala dönsku, þ.e. þeim sem flytja til Kaupmannhafnar og eru af erlendu bergi brotnir. Þar sem áherslan átti að vera á fjölmenningu þá hafði ég samband við ansi marga skóla í Kaupmannahöfn en reyndi þó að takmarka mig við Nørrebro þar sem flestir íbúar eru innflytjendur og með annað móðurmál en dönsku. Eftir nokkra vinnu fann ég skóla sem var tilbúinn að taka á móti mér og ég fékk að fylgjast með kennslu í tveimur bekkjardeildum. Eina viku í hvorri deild.

# Ferðatilhögun og framkvæmd

## 1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Undirbúningur ferðarinnar hófst með umsókn til að taka þátt í þessu verkefni og varð ég mjög glöð þegar ég fékk jákvætt þar sem mér var tjáð að ég væri ein af 12 umsækjendum sem hefði fengið jákvætt svar. Umsækjendur voru um 60 og fengu 12 styrk.

Í ágúst var svo haldinn fyrsti fundur með okkur þar sem farið var yfir ferlið. Mælst var með því að farið væri fyrir áramót og að síðan yrðu kynningar í mars.

Mig langaði mest að fara til Kaupmannahafnar þar sem ég hef búið og er að auki menntaður dönskukennari og get því ágætlega skilið og tjáð mig á dönsku. Mér gekk ekki mjög vel að fá inni í skóla í Kaupmannahöfn. Ég sótti áræðanlega um tíu skóla en fékk einungis svar frá tveimur þeirra. Aðeins einn skóli var síðan til í að taka á móti mér og það passaði þeim betur að ég kæmi í janúar.

Ég dvaldist á hosteli í um það bil tíu mínútna gang frá skólanum og gekk það bara mjög vel að ferðast á milli staða.

## 2. Heimsóknarskóli

Ég fylgdist með skólastarfi í Nørre fælled skole í Kaupmannahöfn í 2 vikur. Fyrri vikuna fylgdist ég með kennslu 10. bekk (9.klasse) og seinni vikuna í 1. bekk.

Nørre fælled skole er skóli frá 1.- 10. bekk og er með 460 nemendum og í flestum árgöngum eru tveir bekkir. Mikill fjöldi innflytjenda er í skólanum og eru margir af annarri og þriðju kynslóð. Í skólanum er sérstök áhersla lögð á íþróttir og má meðal annars nefna að eldri nemendur geta klárað grunnskólann á sérstakri íþróttlínu. Vegna þess að skólinn leggur mikla áherslu á íþróttir þá fá allir nemendur 4 tíma á viku í þeirri námsgrein. Einkunnarorð skólans eru: Fagmennska, heilbrigði, hreyfing og íþróttir. Einnig sérhæfa þeir sig í að elda matinn frá grunni og taka nemendur þátt í að elda matinn fyrir skólann.

Í 9. bekknum sem ég fylgdi eru 23 nemendur og þeir eru allir tvítýngdir, tala dönsku ásamt einhverju öðru tungumáli. Margar stúlkurnar báru blæjur og ég held að flestir í bekknum aðhyllist Islam. Það sem kom mest á óvart er að allir töluðu dönsku sem mér fannst mjög góð en kennararnir töluðu um að nemendur töluðu flatt mál þ.e.s. höfðu frekar fátækan orðaforða. Mjög truflandi var hversu mjög

börnin voru mikið í símunum og voru ekki að fylgja fyrirmælum. Sem dæmi má nefna að eftir fyrstu frímínútur voru flestir með sælgæti, kökur og gosdrykki sem var flaggað það sem eftir var dags. Mjög léleg vinnubrögð í náminu voru almenn hjá flestum í bekknum. (Eitthvað sem við á Íslandi erum einnig að glíma við).

Nokkrir drengir í bekknum voru mjög órólegir. Í dönskutímunum var sérkennari alltaf inni í bekknum. Mér fannst mjög merkilegt að kennarar virtust hafa mjög góðan miðlægan gagnagrunn sem skólar hafa aðgang að. Þar er að finna verkefni fyrir flestar námsgreinar sem skipta þúsundum og eru merktar viku fyrir viku allt skólaárið. Krakkarnir hafa líka nemendaaðgang inn á vefsvæðið þar sem þau skrá sig inn og hafa þá aðgang að verkefnum, textum og hljóðbókum sem tengjast því efni sem verið er að vinna með ( <https://dansk.alinea.dk/> ).

Þetta er eitthvað sem við gætum tekið til eftirbreytni að mínu mati. Þessi grunnur gefur margar góðar hugmyndir og hjálpar kennurum mikið við vinnu sína. Annað sem vakti athygli mína var að smart töflur voru í öllum kennslustofum og að auki vour 60 fartölvur á hvert skólastig skólans. Hvað kennslu varðaði var áberandi hve krakkarnir unnu mikið í þörum.

Seinni vikuna var ég í skuggakennslu í fyrsta bekk (0. Klasse). Þar eru þrír bekkir í árgangi og eru um það bil 16-17 nemendur í hverjum bekk. Kennsla nemendanna fer mikið fram í gegnum paravini og leik. Allir dagar hófust á að bjóða góðan daginn og hvaða dagur, mánuður, ár og árstíð væri og talið niður hvenær sumarfríð hefst. Allir dagar enduðu á hreyfingu, alls konar leikjum og dansi og að lokum var slökun þar sem krakkarnir nudduðu hvort annað létt eða fundu sér þægilegan stað og slökuðu á á meðan róleg tónlist var spiluð.

Nemendur í Kaupmannahöfn eru metnir þegar þeir byrja í skóla og fara fyrst í móttökubekki þar sem nánast eingöngu dönskukennsla fer fram. Þessir bekkir eru ekki í hverjum skóla heldur er þeim safnað saman í nokkra skóla. Nemendurnir þurfa að hafa ákveðna færni í dönsku til að geta byrjað í skóla, og er gengið nokkuð strangt eftir því að sú færni sé til staðar áður en þeir fara í sinn heimaskóla.

Með nýrri lagasetningu er verið að breyta þessu á þann hátt sem við höfum á Íslandi þar sem börn eiga að fara beint í bekki og fá aðstoð inn í bekk. En engu að síður þá eru börn prófuð í málþroska þegar þau eru 3ja og 5 ára og ef þau standast ekki þessi málþroskapróf þá eru foreldrarnir skyldugir til að setja börnin á leikskóla.

Það eru ekki stöðugt að koma börn inn í skólana allt árið og þú þarft að hafa náð ákveðinni hæfni í dönsku til að komast inn í almennan bekk.

### 3. Lærdómur ferðar

Fyrir mig sem kennara finnst mér alltaf bæði gaman og gagnlegt að fara í aðra skóla og sjá hvað aðrir eru að gera og fá hugmyndir um hvernig ég get bætt mína kennslu með þeim hugmyndum sem ég öðlast þar. Með þessu verkefni var sérstaklega gaman að fara erlendis á mínum forsendum og með augum nýbúakennarans (sem ég sannarlega er því að í mínum umsjónarþekki eru tveir nemendur sem koma frá Póllandi, þrír frá Tælandi og einn frá Portúgal) og fá að sjá hvernig aðrar þjóðir vinna með sína nýbúa. Mér fannst áhugaverðast að allir töluðu dönsku og enginn kennari eða nemandi brá fyrir sig ensku til að tjá sig eins og mjög algengt er í mínum skóla. Mér fannst líka áhugaverð paravinnan sem virtist vera gegnum gangandi í skólustarfinu og hvað litlu krakkarnir voru tillitsamir.

### 4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Þeir dönsku skólar sem ég hef heimsótt eiga það flestir sameiginlegt að vera í gömlum byggingum, með frekar gömlum húsgögnum en ágætlega búnir tækjum og þeim tólum sem þeir þurfa á að halda. Það virðist vera góð samvinna milli kennara en ekki nein sérstök áhersla á að vera í mikilli teymisvinnu þar sem tveir til þrír kennarar sjá um árgang með kannski 90 börn í teymi eins og virðist vera vinsælt hér á Íslandi.

Ég held að við ættum alvarlega að huga að því hvort að við ættum ekki að taka hér upp móttökubekki þar sem börn sem flytjast til landsins eða hafa ekki náð tökum á íslenskunni byrji í. Þá er ég að hugsa um að í þessum bekkjum væru börnin og fengju mikla og góða íslenskukennslu og kennslu í íslensku samfélagi ásamt því að fara í vettvangsferðir til að kynntast nærsamfélaginu. Síðan færu nemendur smátt og smátt inn í sinn bekk. Við þurfum líka að skoða málproska og hæfni ungra barna áður en þau koma inn í skólana þar sem við í grunnskólunum upplifum að börn fædd á Íslandi tala jafnvel enga íslensku þegar þau koma í skólann. Þetta skoða Danir til dæmis þegar börn eru 3 og 5 ára og skikka jafnvel foreldra til að setja börn sín á leikskóla til að þau læri málið.

## Lokaorð

Mér fannst frábært að fá að taka þátt í þessu verkefni og hafa fengið tækifæri til að víkka út sjóndeildarhring minn varðandi kennslu erlendra nemenda í Danmörku. Einnig fannst mér mjög áhugavert að heyra kynningar annarra þátttakanda sem bæði fóru til Danmerkur eins og ég og til Noregs og Svíþjóðar. Við þurfum eitthvað að fara að taka okkur á í kennslu barna með annað tungumál og reyna að komast fyrir það að þessi börn læri ensku í íslenskum grunnskólum áður en þau læra íslensku. Fyrir þessi börn tel ég það ákveðin mannréttindi að þau fái þá kennslu sem þau þurfa til að geta aðlagast og blómstrað í íslensku samfélagi.

Takk kærlega fyrir þetta tækifæri og tel ég mig hafa lært töluvert sem ég get nýtt mér í minni kennslu sem og undirbúningi þegar ég tek á móti nemendum sem ekki hafa íslensku sem móðurmál.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Reykjavík, 4. apríl, 2019

Lára Guðrún Agnarsdóttir

Umsjónarkennari

Austurbæjarskóla

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.